

Tillaga velferðarráðs

Velferðarráð felur velferðarsviði að leita að heppilegum samstarfsaðila til þess að reka neyslurými í Reykjavíkurborg. Umrætt verkefni þolir enga bið og því nauðsynlegt að finna aðila í verkefnið án tafar. Þá skal velferðarsvið senda fulltrúum velferðarráðs upplýsingar um stöðu þessa máls daglega á meðan það er til úrlausnar.

Greinargerð:

Velferðarráð harmar þá stöðu að ekkert neyslurými hafi verið til staðar í Reykjavík frá 7. mars s.l. þrátt fyrir að velferðarráð hafi samþykkt að óska eftir framlengingu á samning við Rauða krossinn um mánuð, á meðan unnið yrði að breyttu fyrirkomulagi til framtíðar. Með hliðsjón af þeirri stöðu sem upp er komin leggur velferðarráðaherslu á að unnið verði hratt að því að koma á nýju neyslurými en Ylja hafði gefið góða raun. Mikilvægt er að hafa samráð við heilbrigðisráðherra sem hefur opnað á að opna skaðaminnkandi úrræði þar sem fólk með alvarlegan vímuefnavanda getur fengið og notað morfín undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks.